

## REGLUGERÐ

### um afnám banns við togveiðum á Mánáreyjahrygg.

#### 1. gr.

Pann 10. mars 1987 kl. 12:00 á hádegi er felld úr gildi reglugerð nr. 384 2. september 1986 um bann við togveiðum á Mánáreyjahrygg.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. mars 1987.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Pórður Eyþórsson.*

25. febrúar 1987

Nr. 93

## REGLUR

### um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis.

#### 1. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt að veita mönnum sem búsettir hafa verið erlendis leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings á bifreiðum og bifhjólum í allt að þrjá mánuði talið frá komudegi flutningsfars ökutækis til landsins að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum, sbr. einnig 2. gr.

- Ökutækið sé skráð erlendis og innflytjandi skráður eigandi eða leigjandi þess.
- Innflytjandi hafi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. tvö undanfarandi ár, sbr. 4. málsg. 5. gr.
- Innflutningur ökutækis eigi sér stað við komu hlutaðeigandi til landsins eða í beinu framhaldi af komu til landsins.

Innflutningur samkvæmt reglum þessum er að öðru leyti háður því að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

- Að hann eða maki hans aki ökutækinu eða ökumenn, útlendir eða innlendir, sem ráðnir eru til þess að aka ökutækinu fyrir hann.
- Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
- Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda enda sé ætlun hans að fara þangað í síðasta lagi að tólf mánuðum liðnum frá því að það var flutt hingað til landsins.

#### 2. gr.

Eigi má veita heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings á ökutæki samkvæmt reglum þessum til aksturs hér á landi nema ökutækið sé váttryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu samkvæmt íslenskum umferðarlögum eða umráðamaður þess leggi fram við tollafgreiðslu „Grænt skírteini“ (Green Card) sem út er gefið í samræmi við reglur þær um alþjóðlegar